



393. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í starfsmannahúsinu á Þingvöllum kl. 14 þann 14. ágúst 2012 að lokinni skoðun Þingvallanefndar á nýju göngubrúnni í Kárastaðastíg. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður I. Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson, Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir starfsmaður þjóðgarðsins og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Ragnheiður Elín Árnadóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

Sigbjörn Kjartansson (Gláma-Kím), Þráinn Hauksson (Landslag), Þórunn Þorgrímsdóttir sýningahönnuður og Árni Geirsson (Alta) sátu fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið.

Þetta gerðist:

1. Hakið, skipulag, uppbygging og fræðsla.

Á 382. fundi Þingvallanefndar var samþykkt að hefja undirbúning að endurskoðun deiliskipulags á Haki og stækkun fræðslumiðstöðvar og endurnýjun fræðslusýningar.

Sýning í fræðslumiðstöð og á vettvangi: Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir var fengin til að skoða möguleika á endurnýjaðri sýningu. Núverandi sýning í fræðslumiðstöðinni er frá árinu 2002. Hönnuður hennar er Árni Páll Jóhannsson.

Þórunn kynnti drög að hugmynd sinni. Sýningin myndi vera í anda Þingvalla og helgast af sögu staðarins og náttúrufræðilegum undrum hans. Sýningin ætti að viðhalda og styrkja þann sess sem Þingvellir hafa í huga landsmanna.

Þórunn leggur til að í núverandi sýningarskála verði vönduð og númtímaleg sýning um sögu og náttúru þjóðgarðsins, byggð á innihaldi núverandi sýningar en í nýjum búningi. Mikilvægt sé að sýningin höfði jafnt til barna og fullorðna. Merkustu staðir á Þingvöllum verða kynntir í sýningarskála en einnig á fræðsluvörðum utan við húsið þannig að gestir fái upplýsingar um sögu Þingvalla og náttúrufar þótt fræðslumiðstöðin sé lokuð. Einnig verði sögustaðir og náttúrufyrirbrigði auðkennd á vettvangi. Sýningin verði byggð á margmiðlunartækni innanhúss og hljóðleiðsögn verði á sérmerktum stöðum utanhúss.

Hakið, skipulag og uppbygging. Sigbjörn Kjartansson og Þráinn Hauksson voru fengnir til að huga að stækkun fræðslumiðstöðvar og endurskoðun deiliskipulagsins.

Um þjóðgarðinn á Þingvöllum gilda lög nr. 47/2004, stefnumörkun þjóðgarðsins 2004-2024 og aðalskipulag Bláskógabyggðar gildir frá 2004-2016.

Deiliskipulagi á Hakinu var síðast breytt árið 2008. Á því er sýndur byggingarreitur norðvestan við fræðslumiðstöðina sem með óverulegri breytingu gæti rúmað byggingu allt að 800 m². Þar mætti koma fyrir sýningarsal, veitingaaðstöðu, móttöku og starfsmannarými. Hægt væri að tvöfalda fjölda bílastæða úr 30 í 60 og fjölga rútustæðum í tíu.

Miða þeir við að skipta uppbyggingu í þrjá áfanga:

- I. Framkvæmdir á 1. ári (2013). Kostnaður áætlaður 150 milljónir kr. með nýrri margmiðlunarsýningu.
Þjónustuhús byggt – verslun og kaffistaður upp. 150 fm.
Tenging af palli við brú í Kárastaðastíg í Almannagjá.
Endurbætur á hlaði.
Menningar- /fræðsluvörður í hlaði, miðlun fræðsluefnis.
Starfsmannahús byggt – upp. 60 fm.
Endurskipulagning og lágmarksviðbætur við bílastæði.
- II. Framkvæmdir á 2. og 3. ári. Kostnaður áætlaður 130 millj. kr.
Endurskoðun á deiliskipulagi á Haki lokið.
Göngustígar, m.a. nýr útsýnispallur sunnan við hlað og núverandi útsýnispall.
Bílastæði stækkuð og breyting á fyrirkomulagi á akstri á Hakinu.
- III. Framkvæmdir á 4-5 ári. Kostnaður áætlaður 250 milljónir kr.
Göngustígar á Haki, brún Almannagjár og aðkoma í garðinn.
Bílastæði, stækkun og breyting, nýtt salernishús.
Stækkun á sýningarhúsi.

2. Veitinga- og samkomuhús í stað Valhallar. Staðarval og þjónustþættir.

Árni Geirsson lagði fram samantekt og tillögur Alta um framhald eftir hugarflugsfund sem haldinn var þann 10. maí sl. en 102 tillögur bárust í hugmyndaleitina á Þingvöllum og sneru flestar þeirra að meiri þjónustu.

Greining Alta á niðurstöðum hugarflugsfundarins er eftirfarandi:

1. Þingvallanefnd geri áætlun um fræðslu og túlkun á vettvangi, óháð öðrum áformum um þjónustu.
2. Þingvallanefnd ákveði hvert hún vill að verði hlutverk Þingvallabæjarins m.a. hvort þar verði veitingastaður að því marki sem húsnaðið leyfir og láta þar við sitja, a.m.k. um sinn, í uppbyggingu slíkrar þjónustu. Einnig mætti skoða önnur not fyrir húsið, t.d. menningu, sýningarhald eða fræðslu.
3. Niðurstaða hugarflugsfundarins var að tveir staðir kæmu einkum til greina og þrír aðrir mögulegir fyrir uppbyggingu af því tagi sem um hefur verið rætt, þ.e.

veitingahús, móttökuhús, fundarsali og veislusali (ekki gistingu). Alta leggur til að fyrsta skrefið verði verkfræðileg úttekt á þessum stöðum og metið hvernig aðstæður eru þar til byggingar, aðkomu, vatnsöflunar, frárennsli o.s.frv.

4. Gert verði skipulag fyrir þjóðgarðinn þar sem lagt verður upp með þá staðsetningarkosti sem bæði Þingvallanefnd telur ásættanlega og verkfræðileg úttekt sýnir að séu nýtilegir.
5. Efnt verði til samkeppni meðal arkitekta um hönnun húss á þeim stað sem fyrir valinu verður. Skilgreina þarf þarfir sem mannvirkið sjálf á að uppfylla.

Formaður þakkaði gestum fyrir áhugaverðar tillögur og viku þeir af fundi um kl. 16. Voru fundarmenn sammála um að úttekt á mögulegum byggingarstöðum sé mikilvæg og einnig að leggja áherslu á fræðslu og náttúruupplifun utanhúss.

Eftir umræður var eftirfarandi samþykkt:

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að gera áætlun um endurnýjun á sýningu á Hakinu og fræðslu og túlkun á vettvangi í þjóðgarðinum. Ennfremur að vinna áfram að bættri fræðslumiðlun og aðstöðu ferðamanna og starfsmanna á Hakinu, þ.m.t. 1. áfanga í stækkun fræðslumiðstöðvar í samræmi við tillögur sem lagðar voru fram á fundinum. Þá samþykkir nefndin að fela þjóðgarðsverði að láta gera tæknilega/verkfræðilega úttekt á möguleikum þess að reisa nýbyggingu á Haki, á Völlum, á Valhallarreit, í Rauðukusunesi og á Gjábakka.

3. Náttúrufar Þingvallavatns, vöktun, umferð og mengun.

Formaður og þjóðgarðsvöður hittu Hilmar Malmquist forstöðumann Náttúrustofu Kópavogs þann 13. ágúst. Í vöktunarskýrslu fyrir árið 2011 eru staðfestar vísbendingar um að magn þörunga er að aukast og þar af leiðandi minnkar rýni í vatninu. Þingvallavatn hefur verið í flokki A yfir hreinleika og skyggni en hluti mælinga fellur á árinu 2011 í flokk B. Í skýrsludrögum sem umhverfisstofnun hefur unnið kemur einnig fram að nitur hefur aukist og er töluvert meira í vatninu og á vatnasvæðinu en áður var talið. Vöktunaráætlun verður breytt þannig að fylgst verður með kransþörungabeltinu á gömlum sniðum en það getur gefið upplýsingar um áhrif minna ljósmagns í neðri lögum vatnsins.

Umferðarálag og niturákoma. Umferðin er mikil í gegnum þjóðgarðinn eftir að nýju Gjábakkavegurinn var tekinn í notkun og eykst hún stöðugt. Hraðatakmarkanir Vegagerðarinnar hafa lækkað hraðakstur innan þjóðgarðsins. Umferðin er mest þegar þurrt er, en mælingar á mengun fara einungis fram þegar rignir. Í framhaldi af erindi formanns s.l. haust til umhverfisráðuneytis verður boðað til nýs fundar á næstunni til að fara yfir mælingar á nitri frá umferðinni sem hefur margfaldast, en niðurstaða síðasta fundar var að framreikna skyldi líkan Vegagerðarinnar með tilliti til aukins umferðarmagns og breytinga á ýmsum öðrum þáttum.

Vatnsöflun og frárennsli við sumarbústaði.

Þjóðgarðsvörður skýrði frá því að nú væri búið að athuga vatnsöflun og frárennsli frá helmingi sumarbústaða innan þjóðgarðsins. Skýrslan sem unnin er verður sent til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og lögð fyrir Þingvallanefnd.

4. Starfsemi þjóðgarðsins.

Fjármál. Þjóðgarðsvörður fór yfir fjárhagsstöðuna en töluverð aukning hefur orðið á sértekjum frá síðasta ári. Stefnir í að rekstur þjóðgarðsins verði innan fjárheimilda á árinu 2012.

Framkvæmdir. Búið er að opna göngubrautina í Kárastaðastíg. Óskað hefur verið eftir skýrslu frá Framkvæmdaskýrslu ríkisins um gang mála og tafir sem urðu á verkinu. Pallar hafa verið málaðir, áformuðum endurbótum á kirkjunni lokið, stígar lagfærðir, yfirborðsefni lagt á „þyrlupallinn“ fyrir kafara ofl.

Valhöll. Þess er vænst að í september muni liggja fyrir mat á tjóni og brunabótum vegna Valhallar, en stefnt er að því að nýta bæturnar til að endurheimta þau gæði sem töpuðust með bruna Valhallar

Skýrsla um störf Þingvallanefndar og þjóðgarðinn. Þingvallanefnd samþykkir að láta taka saman skýrslu um störf nefndarinnar á þessu kjörtímabili.

Silfra. Þingvallanefnd samþykkir að fela Lilju Jónasdóttur lögfræðingi að taka saman greinargerð vegna töku gestagjalds og svör við athugasemdum sem borist hafa frá rekstraraðilum sem selja köfunarferðir í Silfru.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15